

Leiðbeinandi STEFNA UM ÁBYRGA NOTKUN GERVIGREINDAR

Innan Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar-SÍMEY

MARKMIÐ STEFNUNNAR

Markmið þessarar stefnu er að tryggja ábyrga, gegnsæja og siðferðilega notkun gervigreindar í starfsemi SÍMEY. Leitast er við að nýta tækifæri gervigreindar til að efla kennslu og nám, en jafnframt vernda réttindi nemenda og starfsfólks. Með stefnunni viðurkennir SÍMEY að gervigreind er orðinn hluti af námi, kennslu og stjórnsýslu til framtíðar. Tilgangurinn er að setja skýran ramma fyrir fagmennsku og traust.

Stefnan verður endurskoðuð reglulega til að bregðast við hraðri þróun og nýrri þekkingu á sviðinu.

GILDISSVIÐ

Stefnan gildir um allt starfsfólk, kennara og nemendur SÍMEY. Hún nær til allrar notkunar gervigreindarverkfæra í tengslum við kennslu, námsmat, stjórnun og forystu.

GRUNDVALLARREGLUR

Notkun gervigreindar skal byggjast á gagnsæi þar sem nemendur og starfsfólk vita hvenær gervigreind er notuð og skýrt er tilgreint hvenær efni er búið til eða unnið með henni. Persónuvernd skal ávallt virt og ekki skal setja viðkvæmar persónuupplýsingar í gervigreindarverkfæri. Farið skal eftir persónuverndarlögum og reglugerðum. Gervigreind er hjálpartæki en ekki staðgengill faglegar dómgreindar, allar upplýsingar frá gervigreind skulu yfirfarnar og staðreyndar. Gervigreind skal ekki auka mismunun eða ójöfnuð, aðgangur að verkfærum gervigreindar skal vera jafn eftir því sem kostur er.

LEYFILEG NOTKUN

Gervigreind má nota til hugmyndavinnu og skipulagningar kennslugagna, þýðinga og mállegrar aðstoðar, samantekt á opinberum gögnum, til stjórnunarverkefna og skjalagerðar mikilvægt að öll myndvinnsla sé yfirfarin af starfsfólki og hófs sé gætt í notkun gervigreindar í þeim tilvikum.

TAKMÖRK OG ÓHEIMIL NOTKUN

Ekki er heimilt að vinna verkefnavinnu í námi með hjálp gervigreindar án eftirlits og yfirferðar kennara, nota gervigreind við námsmat án skýrrar tilgreiningar, setja persónuupplýsingar nemenda eða starfsfólks í gervigreindarverkfæri, láta gervigreind skrifa fullbúna einkunnagjöf eða umsagnir, eða gefa út efni frá gervigreind sem eigin vinnu. Aldrei má vísa í gervigreind sem heimild og bera notendur ábyrgð á að vísa rétt í frumheimildir.

KENNSLA OG NÁMSMAT

Nemendur skulu tilgreina ef þeir nota gervigreind í verkefnum og útskýra hvernig hún var notuð. Kennarar meta hvort notkun gervigreindar sé viðeigandi í hverju verkefni og geta takmarkað eða bannað hana ef þörf er á. Námsmat skal taka mið af því að gervigreind er tiltæk og leggja áherslu á gagnrýna hugsun, sköpun og hæfni í stað endurgjafar þekkingar.

ÁBYRGÐ OG EFTIRLIT

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að starfsfólk fái fræðslu og stuðning. Kennarar bera ábyrgð á notkun gervigreindar í sinni kennslu og að leiðbeina nemendum um ábyrga notkun. Nemendur eru ábyrgir fyrir eigin vinnu og að fara eftir reglum SÍMEY um notkun gervigreindar. Stefnan skal endurskoðuð árlega og uppfærð eftir þörfum í samræmi við þróun tækninnar.

GILDISTAKA

SÍMEY skal bjóða starfsfólki og kennurum reglulega fræðslu um gervigreind í starfi og stjórnun, veita aðgang að verkfærum og leiðbeiningum og bjóða upp á verkefni þar sem starfsfólk getur deilt reynslu og hugmyndum.

Stefnan var kynnt og tók gildi á vorönn 2026